

225

31. des.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Húsavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús og elliheimili.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.*

**Friðjón Skarphéðinsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

226

14. marz

## P Ó S T B Ö G G L A S A M N I N G U R

gerður milli póststjórna Íslands og Kanada 1958.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Kanada samþykkja að koma á fót beinum og reglulegum skiptum á póstbögglum milli Íslands og Kanada og taka að sér að tryggja framkvæmd þjónustunnar innan takmarka samnings þessa.

1. gr.

Skilyrði fyrir skiptum á böggjum.

1. Hinar samningsbundnu póststjórnir geta skipzt á böggjum, sem kallast póstbögglar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna.
2. Nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum gilda reglur viðkomandi lands um allt varðandi viðtöku, sendingu og afhendingu böggla (þar með telst álagning tolla og annarra gjalda) og áframsendingu innan ákvörðunarlandsins.
3. Böggla má senda annað hvort í lokuðum pósti eða opinni transit og ber að áframsenda þá eftir þeim fljótustu land- og sjóleiðum, sem lönd þau, er framkvæma transitina nota fyrir sinn eigin póst.
4. Böggla skal senda í pokum, sem vandlega er bundið fyrir og eru innsiglaðir. Póst skal aðeins búa út til pósthúsa, sem samningsaðilar verða ásáttir um.
5. Merkimiði, sem á er letrað nafn sendipósthússins og ákvörðunarpósthússins, skal bundinn við pokaopið. Á miðann skal skrá fjölda böggla þeirra, sem í pokanum eru.

6. Bögglaskrár og önnur skjöl skulu fylgja viðkomandi skrárafgreiðslu og búið um þau eftir samkomulagi beggja pósthúsanna.
7. Þyngd hvers poka má ekki fara yfir 36 kg (80 lb avoir du poids).

226

14. marz

## 2. gr.

**Hámark þyngdar og stærðar.**

1. Bögglar, sem Kanada og Ísland skiptast á, mega ekki vera þyngri en 10 kg (22 lb) og ekki stærri en 1.05 m (3 ft. 6 inch.) á lengd eða 53 dm<sup>3</sup> að rúmmáli (mesta lengd og ummál samanlagt 6 fet).
2. Útreikningar sendipósthússins á þyngd, stærð eða rúmmáli böggla skulu viðurkenndir réttir, nema um augljósa skekkju sé að ræða.

## 3. gr.

**Bögglar í transit.**

Báðar póststjórnirnar ábyrgjast transitheimild um landssvæði sín fyrir böggla, sem fara eiga til eða koma frá löndum, sem þau hafa böggla skipti við. Bögglar í transit skulu fullnægja skilyrðum þessa samnings, svo framarlega sem hægt er að koma þeim við.

## 4. gr.

**Fyrirframgreiðsla, burðargjald.**

1. Skylt er að greiða fyrirfram undir böggla nema um áframsendingu eða endursendingu sé að ræða.
2. Burðargjald skal samsett af burðargjöldum þeim, sem hverri póststjórn, er tekur að sér flutning landleiðis eða sjóleiðis ber.

## 5. gr.

**Land- og sjóflutningsgjöld.**

1. Fyrir böggla, sem sendir eru frá öðru landinu til hins eða fyrir milligöngu annars hvors landsins til þriðja lands, skulu landflutningsgjöldin vera eins og samningsaðilar ákveða sín í milli á hverjum tíma.
2. Hvorri póststjórn um sig er heimilt að ákveða gjöldin fyrir sjóflutningsleiðir þær, sem hún notar.

## 6. gr.

**Forboð.**

1. Bögglar mega ekki innihalda neitt það, sem hættulegt er, eyðileggjandi, sprengihætt, eldfimt, eða móðgandi né nokkurn hlut, sem innflutningsbann er á, vökva (nema tryggilega sé um þá búið í viðeigandi umbúðum), klámfenga eða ósæmilega hluti. Heldur ekki mega þeir innihalda bréf né nokkurn þann hlut, sem ákvörðunarlandið bannar að senda í bögglopósti.
2. Póststjórnirnar tilkynna hvor annarri í listanum yfir forboðna hluti, sem gefinn er út af skrifstofu Alþjóðapóst sambandsins, alla forboðna hluti í löndum sínum.
3. Sérhver böggull, sem inniheldur eitthvað af því, sem bannað er samkvæmt framangreindu, skal sæta þeirri meðferð, sem ákveðin er í innanlandslöggjöf þess lands, sem hans verður vart.
4. Sé tekið við bögglum í póst af vangá, og þeir hvorki endursendir til upprunalands né afhentir viðtakanda, ber að senda póststjórn upprunalandsins nákvæmar upplýsingar um, hvað gert hafi verið við þá, svo að hún geti gert nauðsynlegar ráðstafanir.

## 7. gr.

**Áframsending.**

1. Bögglá má áframsenda, ef viðtakandi hefur skipt um heimilisfang í ákvörðunarlandinu. Póststjórn ákvörðunarlandsins getur tekið fyrir þetta áframsendingargjald eins og innanlandslöggjöf hennar heimilar.
2. Á sama hátt má áframsenda böggla frá öðru sammingslandinu til annars lands, að því tilskildu, að þeir uppfylli öll þau skilyrði, sem hin nýja áframsending útheimtir.
3. Viðbótargjöld fyrir áframsendingu, sem viðtakandi eða umboðsmaður hans hafa ekki greitt, falla ekki niður þótt um frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar sé að ræða. Þessi gjöld eru innheimt hjá viðtakendum, eða, ef svo ber undir, hjá sendendum, án skerðingar á greiðslu allra hinna sérstöku gjalda, sem ákvörðunarlandið fellst ekki á að fella niður.
4. Gjöld fyrir áframsendingu, sem getið er í 3. lið, eru innheimt, ef um frekari áframsendingu er að ræða, af landinu, sem annaðist áframsendinguna.
5. Þegar böggull er áframsendur, vegna breytingar á heimilisfangi viðtakanda eða vegna misgánings sendanda, til lands, sem Kanada eða Íslands halda uppi pósthöglapjónustu við, skal krefja póststjórn þá, sem böggullinn er sendur til, um gjöldin, nema sendingarkostnaðurinn sé greiddur um leið og áframsendingin er framkvæmd. Sé svo, skal fara með böggullinn eins og hann hefði verið sendur beint frá landinu, sem áframsendi, til hins nýja ákvörðunarlands.

## 8. gr.

**Skakkt sendir bögglar eða bögglar, sem pósthjónustan hefur tekið við af misgáningi.**

1. Skakkt sendir bögglar, sem koma í pósti eða bögglar, sem teknir hafa verið til flutnings af vangá, eru áframsendir eða endursendir samkvæmt eftirfarandi ákvæðum.
2. Skakkt sendir almennir bögglar, eru áframsendir til réttis ákvörðunarstaðar eftir þeirri beinustu leið, sem póststjórnin, sem áframsendir, notar fyrir lokaðan bögglapóst frá sér.
3. Póststjórn sú, sem áframsendir skakkt sendan böggul, getur ekki lagt á hann toll eða önnur gjöld óviðkomandi póstinum.
4. Þegar böggull hefur verið ranglega tekinn til flutnings af vangá pósthjónustunnar og þarf því að endursendast til upprunalandins, skal pósthúsið, sem endursendir, færa hinni póststjórninni aftur til tekna þær þóknarir, sem því hafa verið færðar fyrir hann og tilkynna skekkjuna í leiðréttingarskýrslu.
5. Þegar áframsending tekur til flutnings á skakkt sendum böggli til þriðja lands, og upphæðin, sem færð er til inneignar nægir ekki fyrir kostnaðinum við áframsendinguna, þá færir póststjórnin, sem áframsendir, póststjórninni, sem hún áframsendir böggulinn til, til inneignar það, sem henni ber. Síðan jafnar hún hallann með því að innheimta upphæðina hjá póststjórninni, sem böggullinn kom beint frá, með því að leiðrétta viðkomandi böggulskrá. Ástæðan fyrir innheimtu þessari er tilkynnt hinni síðarnefndu með leiðréttingarskýrslu.

## 9. gr.

**Bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila.**

1. Sendandanum ber að skrifa á bakhlið fylgibréfsins og á sjálfan böggulinn hvernig hann vilji, að farið verði með hann, ef afhending getur ekki farið fram.

Aðeins eftirfarandi fyrirmæli eru leyfð:

- a) að böggullinn skuli afhentur öðrum viðtakanda;
  - b) að farið skuli með böggulinn sem yfirgefinn.
2. Nema komið hafi gagnstæð fyrirmæli frá sendanda, eru bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila, endursendir honum án undanfarandi tilkynningar og á hans kostnað, að liðnum fresti þeim, sem innanlandslöggjöf pósthjónnar ákvörðunarlandsins mælir fyrir um. Bögglar, sem viðtakandi hefur algerlega neitað viðtöku á, skulu endursendir tafarlaust.
  3. Gjöld, sem greiða ber vegna böggla, sem ekki er hægt að koma til skila, eru tekin samkvæmt ákvæðum 10. greinar.
  4. Ef sendandi bögguls, sem ekki er hægt að koma til skila, hefur lagt fram beiðni, sem ekki er gert ráð fyrir í 1. lið þessarar greinar, þá er ákvörðunarpósthjónnin ekki skyldug til að taka hana til greina og er heimilt að endursenda böggulinn til upprunastaðar að liðnum þeim fresti, sem ákvörðunarlendið ákveður.
  5. Í öll skipti ber pósthjónninni, sem endursendir, að skrifa á böggulinn og fylgi-bréfið, á skýran og ótvíræðan hátt, hvers vegna ekki var hægt að afhenda böggulinn.
  2. Bögglar, sem endursendast sendanda, eru færðir á bögglastrána með orðunum „Undeliverable“ (Rebut) í athugasemdadálkinum.

#### 10. gr.

##### Kröfur vegna áframsendingar og endursendingar.

1. Ef um áframsendingar eða endursendingar er að ræða, krefur pósthjónnin, sem áframsendir, viðskiptapósthjónnina um gjöld þau og þóknunir, sem henni bera, ásamt því sem aðrar pósthjónnir eiga inni fyrir þátttöku í flutningnum. Þessi kostnaður skal krafinn á bögglastránni, sem á við þá afgreiðslu, sem böggullinn er í.
2. Sé böggull áframsendur eða endursendur til upprunalsins og nýtt burðargjald innheimt af pósthúsinu, sem áframsendir, þá er farið með böggulinn eins og hann sé þaðan.

#### 11. gr.

##### Niðurfelling tolla.

Hvor pósthjónn um sig tekur að sér að sjá um, að tollyfirvöldin í löndum þeirra felli niður tolla á bögglum, sem endursendir eru til upprunalsins, eða eru yfirgefnir af sendandanum, eyðilagðir eða áframsendir til þriðja lands.

#### 12. gr.

##### Sala og eyðilegging.

1. Aðeins þá böggla, sem hætt er við að gangi úr sér eða skemmist, má selja tafarlaust, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar tilkynningar og laga-legra formsatriða, til ágóða fyrir réttan aðila.
2. Sé sala af einhverjum ástæðum óframkvæmanleg, eru hinir úr sér gengnu eða skemmdu hlutir eyðilagðir. Um sölu eða eyðileggingu skal gera skýrslu og senda pósthjónn upprunalsins.
3. Fé því, sem fæst við sölu, er varið til þess að greiða kostnað af bögglinum. Sé það meira, er mismunurinn sendur pósthjónn upprunalsins, sem skilar sendandanum því.

## 13. gr.

**Yfirgefnir böggjar.**

Böggjar, sem ekki er hægt að afhenda viðtakendum og sem sendendur hafa lýst yfirgefna, skulu ekki endursendir af póststjórn ákvörðunarlandsins, heldur farið með þá eins og innanlandslöggjöf hennar segir til um.

## 14. gr.

**Ábyrgð. Fyrirspurn.**

1. Póststjórnirnar eru ekki ábyrgar fyrir tapi, þjófnaði eða skemmdum á almennum böggjum. Póststjórnirnar senda þó fyrirspurnir í þessu sambandi, ef þess er farið á leit við þær.
2. Þegar böggull er endursendur til upprunalands fyrir vangá í póstpjónustunni, þá ber þeirri póststjórn, sem skekkjan varð hjá að endurgreiða sendandanum burðargjaldið fyrir sendinguna fram og aftur.

## 15. gr.

**Útbúnaður böggla.**

1. Á sérhvern böggul skal skrifa nafn og heimilisfang viðtakanda með latnesku lettri. Utanáskriftir með blýanti eru óleyfilegar, þó má nota blekblýant, ef yfirborðið, sem ritað er á, er vætt áður.
2. Utanáskrift skal sett á sjálfan böggulinn eða á merkimiða nægilega vel festan við hann, svo að hann losni ekki frá.
3. Sendanda skal ráðlagt að leggja inn í böggulinn afrit af utanáskriftinni ásamt sínu eigin heimilisfangi.
4. Um böggulinn skal búið eftir lengd leiðarinnar og þannig, að tryggilegt sé fyrir innihaldið.
5. Hluti, sem gætu skaðað póstmenn eða valdið skemmdum á öðrum böggjum, skal útbúa þannig, að engin hætta stafi af þeim.

## 16. gr.

**Fylgibréf og tollskrár.**

1. Þegar böggli er skilað til flutnings skal fylgja honum fylgibréf og tilskilinn fjöldi af tollskrám, eftir því sem innanlandslöggjöf ákvörðunarlandsins mælir fyrir. Tollskrárnar skulu festar vandlega við fylgibréfið.
2. Upprunapósthúsið setur stimpil á fylgibréfið, þeim megin sem utanáskriftin er, sem sýni dagsetningu og stað þann, sem böggullinn er póstagður á.
3. Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á því hvort upplýsingarnar á tollskránum eða á þeim hlutum fylgibréfsins, sem fyllt er út af almenningi, séu réttar.

## 17. gr.

**Bögglastrár.**

1. Böggla, sem þessar tvær póststjórnir skiptast á, skulu viðskiptapósthúsin færa á bögglastrár, á þann hátt, sem póststjórnirnar koma sér saman um. Bögglastrárnar skulu sendar í tvíriti með böggjunum til viðskiptapósthúss ákvörðunarlandsins.
2. Bögglastrár, sem hvort viðskiptapósthús um sig sendir, skulu bera áframhaldsnúmer, þannig að fyrsta sending hvers almanaksárs sé nr. 1. Síðasta númers hvers árs ber að geta á fyrstu skrá næsta árs á eftir og nefnast þessi númer bögglastrárnúmer.

## 18. gr.

226

**Athugun á póstinum.  
Skekkjur og ónákvæmni.**

14. marz

1. Jafnskjótt og tekið hefur verið við afgreiðslu, skal viðskiptapósthúsið athuga pokana og innsigli þeirra ásamt innsigliun böggla og bera þá og hin ýmsu skjöl, sem þeim fylgja, saman við það sem skráð er á viðkomandi böggla. Skráð er á viðkomandi böggla.
2. Sérhver skekkja, ónákvæmni eða ósamræmi milli böggla og böggla, sem færðir eru á hana, og í ljós kunna að koma við komu pósts á viðskiptapósthúsið, skal tilkynnt sendipósthúsinu með leiðréttingarskýrslu.

## 19. gr.

**Endursending tómbra poka.**

Tóm ílát skulu sendast póststjórninni, sem á þau, með fyrsta hentuga pósti; engin landflutnings- eða sjóflutningsgjöld þarf að greiða fyrir endursenda poka og þeir skulu, eftir því sem við verður komið, fylgja sömu leið og þeir komu.

## 20. gr.

**Reikningsskil.**

1. Hvor póststjórn um sig gerir ársfjórðungsleg yfirlit yfir allar afgreiðslur, sem henni hafa verið sendar af viðskiptapósthúsum hinnar póststjórnarinnar. Yfirlit yfir heildarupphæðir þær, sem færðar eru á böggla, hvort sem um inn-eign eða skuld er að ræða.
2. Þessi yfirlit skal draga saman í reikning, sem ásamt hinum ársfjórðungslegu yfirlitum skal senda til viðkomandi póststjórnar í næsta ársfjórðungi á eftir þeim, sem þeir eiga við.
3. Þegar viðkomandi póststjórn hefur endurskoðað og samþykkt hin ársfjórðungslegu yfirlit, eru þau tekin saman í ársfjórðungslegan aðalreikning af póststjórninni, sem á inni.

## 21. gr.

**Greiðsla inneigna.**

Greiðsla á reikningsmismun skal framkvæmd af póststjórninni, sem skuldar, til þeirrar sem á inni, eftir fyrirmælum alþjóðapóstsamningsins um greiðslu transit-reikninga.

## 22. gr.

**Flugbögglaþóstur.**

Skiptast má á bögglaþósti í flugi eftir gagnkvæmu samkomulagi milli Íslands og Kanada, enda háð hinum almennu reglum um skipti á bögglaþósti eftir yfirborðsleið milli beggja sammingslandanna.

## 23. gr.

**Tilgreining verðs.**

Tilgreina má verð á böggla, sem skippt er á eftir yfirborðsleið eða loftleiðis milli Íslands og Kanada, samkvæmt því sem segir í viðfestu samkomulagi um böggla með tilgreindu verði.

## 24. gr.

**Ýmis ákvæði.**

1. Frankar þeir og sentímar, sem getið er um í samningi þessum, eru gullfrankar og sentímar eins og þeir eru skilgreindir í Alþjóðapóstsamningnum.
2. Ef um óvenjuleg atvik er að ræða, er hvorri pósthjórn um sig heimilt að fella niður bögglaþjónustuna um stundarsakir, annað hvort að öllu eða einhverju leyti, með þeim skilyrðum, að hún tilkynni hinni pósthjórninni það strax og símleiddis, ef nauðsyn krefur.
3. Pósthjórnirnar skulu veita hvor annarri gagnkvæmar nauðsynlegar upplýsingar um öll nánari atriði varðandi þjónustu þeirra.
4. Innanlandslöggjöf Kanada og Íslands gildir um allt það, sem annað er ekki tekið fram um, í samningi þessum og hinu viðfesta samkomulagi.

## 25. gr.

**Gildistaka samningsins.**

Samningur þessi gengur í gildi hinn 1. júlí 1958 og fellur úr gildi tólf mánuðum eftir að honum hefur verið sagt upp skriflega af annarri hvorri pósthjórninni.

Gert í tvíriti og undirskrifað í Ottawa 20. dag júnímánaðar 1958.

(Sign.) *William Hamilton*

Postmaster General of Canada

og í Reykjavík 14. dag marzmánaðar 1958.

(Sign.) *G. Briem*

Póst- og símamálastjóri.

**Viðfest samkomulag****um böggla með tilgreindu verði.**

## 1. gr.

**Gjöld og skilyrði.**

1. Á bögglum má tilgreina verð, allt að 306 gullfrónkum eða jafngildi þess í mynt upprunalandsins.
2. Upprunalandið skal færa ákvörðunarlandinu til tekna landflutningshluta fyrir tilgreiningu verðs, sem er 5 gullsentímar fyrir hverja 200 gullfranka af tilgreindu verði.
3. Ábyrgðargjaldið ákveðst af landi því, sem böggla sendir.
4. Óheimilt er að tilgreina hærra verð en nemur raunverulegu verðmæti á innihaldi böggulsins.
5. Sendandi bögguls með tilgreindu verði fær kvittun sér að kostnaðarlausu, um leið og hann skilar böggli til flutnings.

## 2. gr.

226

## Ábyrgð.

14. marz

1. Póststjórnirnar taka á sig ábyrgð ef böggjar glatast svo og ábyrgð á tapi, þjófnaði eða skaða á öllu innihaldinu eða hluta af því innan takmarka hins tilgreinda verðs.
2. Óheimilt er að tilgreina verð á böggjum, sem hafa að innihaldi einhverjar þessar vörur: egg, nýtt kjöt, gler, leirvörur, grammófónplötur, plastvörur (nema beygjanlegar), útvarpstæki, útvarpslampa, gleraugu, hluti úr nýsilfri, kóbalt, látún eða gips, vökva, vökvakennd efni, feiti, frímerki, bankaseðla, mynt, gull og silfurstangir, gullsand, skartgripi, úr (að undanskildum ódýrum úrum), skuldabréf, arðmiða, verðbréf, gimsteina eða nokkurn þann hlut, sem er í eðli sínu óvenjulega brothættur eða hætt við eyðileggingu.
3. Skaðabótakröfu verður að setja fram innan árs að telja frá næsta degi á eftir þeim degi, sem böggullinn var póstagður á. Kvittunin fyrir viðtöku verðbögguls verður ætíð að fylgja með kröfunni.
4. Skaðabæturnar ná ekki til óbeins tjóns eða hagnaðarmissis, né heldur burðargjalds eða ábyrgðargjalds.
5. Skaðabæturnar eru reiknaðar út eftir gangverði vöru sömu tegundar á þeim stað og á þeim tíma, er varan var tekin í póst.
6. Þegar tjón, skemmdir eða rán verður í þjónustu ákvörðunarlandsins, er ákvörðunarpósthúsinu heimilt að greiða viðtakandanum skaðabætur á sinn kostnað og án þess að ráðfæra sig við upprunapósthúsið, að því tilskildu, að viðtakandinn geti sannað að sendandinn hafi framselt honum rétt sinn til skaðabótanna.

## 3. gr.

## Undantekning frá ábyrgð.

Hvor póststjórn um sig er undanþegin allri ábyrgð:

- a) ef um ofurefli (force majeure) er að ræða;
- b) þegar þeim er ókleift að gera grein fyrir böggjum vegna þess að þjónustuskjölín hafa eyðilagzt af völdum ofureflis (force majeure);
- c) þegar skaðinn orsakast af vangá eða hirðuleysi sendanda eða þegar hann stafar af eðli sendingarinnar;
- d) þegar innihald böggjanna fellur undir eitthvert af forboðum þeim, er um getur í 2. lið 2. greinar, eða þegar um er að ræða böggul, sem gerður er upp-tækur samkvæmt innanlandslöggjöf;
- e) á böggjum, sem sendandi hefur í sviksamlegum tilgangi tilgreint hærra verð á, en hið raunverulega verð innihaldsins;
- f) þegar um böggla er að ræða, sem fyrirspurn hefur ekki verið gerð um innan þess frests, sem um getur í 3. lið 2. greinar;
- g) báðar póststjórnirnar hætta að vera ábyrgar fyrir böggjum, sem þær hafa afhent viðtakanda eða umboðsmanni hans, samkvæmt skilyrðum þeim, sem innanlandsreglur þeirra setja, og sem viðtakendur eða umboðsmenn þeirra hafa tekið við án fyrirvara.

## 4. gr.

## Greiðsla bóta.

1. Póststjórn upprunalsins greiðir skaðabætur, nema um sé að ræða eitthvert af þeim atriðum, sem um getur í 6. lið 2. greinar, en þá innir póststjórn ákvörðunarlandsins greiðsluna af hendi.

- 226** 2. Póststjórn, sem innir greiðslu af hendi, öðlast endurgreiðslurétt á hendur  
14. marz þeirri pósthjórn, sem ber ábyrgðina.

## 5. gr.

**Tímatakörk skaðabótageiðslu.**

1. Skaðabætur ber að greiða eins fljótt og hægt er og í síðasta lagi innan eins árs að telja frá næsta degi á eftir þeim degi, sem krafan var sett fram.
2. Þó er pósthjórninni, sem ábyrg er fyrir greiðslunni, heimilt að fresta henni lengur en eitt ár, ef ekki hefur, að þeim tíma liðnum reynzt kleift að ákvarða hvort tap, þjófnauður eða skemmdir sendingarinnar hafa orsakast af ofurefli.
3. Pósthjórn upprunallandsins er heimilt að greiða skaðabætur fyrir hönd þeirrar pósthjórnar, sem hefur með löglegum hætti verið tilkynnt skaðabótakrafa, en hefur samt látið níu mánuði líða hjá án þess að leiða málið til lykta.

## 6. gr.

**Ákvörðun ábyrgðar.**

1. Nema annað sannist, hvílir ábyrgðin á þeirri pósthjórn, sem eftir að hafa tekið við bögglinum athugasemdalaust og hefur fengið allar upplýsingar til rannsóknarinnar, getur hvorki sýnt fram á, að böggullinn hafi verið afhentur sendanda eða umboðsmanni hans né heldur, ef svo hefur borið undir, að hann hafi verið sendur á reglulegan hátt til næstu pósthjórnar.
2. Ef tap, rán eða skaði á böggli, sem sendur var af annarri hinna sammingsbundnu pósthjórnna og átti að fara til hins landsins, hafa orðið meðan á flutningi stóð og án þess að kleift sé að sanna á hvorrar landsvæði eða í hvorrar þjónustu atburðurinn hefur orðið, þá skipta báðar pósthjórnirnar skaðanum á milli sín að jöfnu.
3. Þegar tap, rán eða skemmdir hafa orðið hjá þriðju þjónustu, skal gera ráðstafanir til þess, að sú þjónusta greiði, ef mögulegt er, skaðabætur, allt að hinu tilgreinda verði. Ef þriðja þjónustan ber enga ábyrgð, þá skipta pósthjórnirnar, sem aðilar eru að samningi þessum, bótunum að jöfnu.

## 7. gr.

**Endurgreiðsla bóta til sendipósthjórnarinnar.**

Hin ábyrga pósthjórn eða pósthjórn sú, sem greitt hefur verið fyrir, skal samkvæmt 4. grein endurgreiða skaðabæturnar innan þriggja mánaða eftir að tilkynning um greiðslu var birt. Skaðabótaupphæðin er innheimt með reikningi þeim, sem um getur í 21. grein Bögglaþóstsammingsins milli beggja pósthjórnanna.

## 8. gr.

**Umbúnaður böggla með tilgreindu verði.**

1. Bögglar með tilgreindu verði skulu umbúnir samkvæmt fyrirmælum 15. og 16. greinar Bögglaþóstsammingsins milli Kanada og Íslands í sambandi við önnur ákvæði, þar með talin ákvæðin um þyngd og stærð, sem sett eru um almenna böggla.
2. Bögglar með tilgreindu verði skulu innsiglaðir með sams konar lakkinnsiglum, blýinnsiglum eða á einhvern annan öruggan hátt með sérstöku eins lög-uðu tákni eða merki sendanda.
3. Á sérhvern böggul með tilgreindu verði, sem pósthjórn er í Kanada, skal setja á þá hlið, sem utanáskriftin er, verðbögglaúmer og miða með orðinu

„insured“ eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggulinn. Böggjar, **226**  
sem póstagðir eru á Íslandi skulu bera merkimiða með orðunum „insured“ **14. marz**  
eða „valeur déclarée“ eða þá að þessi orð eru skrifuð eða stimpluð á böggul-  
inn nærri verðböggulanúmeri hans. Dagstimpill upprunapósthússins verður  
einnig að vera utanáskriftarmegin á fylgibréfinu.

4. Upphæð hins tilgreinda verðs verður að vera á bögglinum og fylgibréfinu, í mynt upprunalandsins og í latneskum stöfum og aröbskum tölum, án útsrikana eða leiðréttinga.
5. Að auki verður upprunapóststjórnin að rita nákvæma þyngd hvers bögguls með tilgreindu verði á þá hlið böggulsins, sem utanáskriftin er á, og á fylgibréfið á þann stað, sem til þess er ætlaður.

#### 9. gr.

##### Skiptiaðferðir.

1. Böggjar með tilgreindu verði skulu settir í sérstaka poka og merkimiðar skulu merktir stafnum „V“.
2. Böggjar með tilgreindu verði skulu færðir hver um sig á bögglastrárnar. Innfærsla hvers bögguls með tilgreindu verði á við númer hans, upphæð hins tilgreinda verðs og nafn uppruna- og ákvörðunarpósthúss.

#### 10. gr.

##### Gildistaka.

Ráðstafanir þessar skulu ganga í gildi á sama degi og pósthöggla-samningurinn og gilda jafn lengi og hann.

Gert í tvíriti og undirritað í Ottawa 20. dag júnímánaðar 1958.

(Sign) *William Hamilton*

Postmaster General of Canada

og í Reykjavík 14. dag marzmánaðar 1958.

(Sign.) *G. Briem*

Póst- og símamálastjóri.

## REGLUR

### um vottorðsskyldu kennara í veikindaförföllum.

**227**

30. des.

Ráðuneytið setur hér með eftirfarandi reglur um veikindaförföll kennara í skólum þeim, er undir ráðuneytið heyrar:

- a. Ef kennari kemur ekki til starfa sökum veikinda meira en 10 daga samfleytt, skal hann sanna veikindi sín með læknavottorði.
- b. Ef um er að ræða endurteknar fjarvistir kennara, skal hann sanna veikindi sín með læknavottorði, þegar hann hefur verið forfallaður meira en 15 daga samtals á einu og sama skólaári, en eftir það hvert sinn, er veikindi ber að höndum á sama skólaári.